

Fregnmiði janúar 2005

Ættarmót 2005

Já, kæru frændur og frænkur. Það er ættarmótsár og verður mótið haldið í Skógargærði 15.—17. júlí í sumar. Ekki hefur dagskrá verið negld niður en nefnd mun hafa verið sett á laggirnar. Er einginn vafi á því að þarna verður gleði og gaman. Og altaf er gott veður í Skógargærði einsog kunnugt er. Vera má að ÆEP eigi eftir að birta nánari frjettir af mótinu og tilhögun þess. Sjá líka Skógargærðisvef (sbr. hér á eftir).

Helstu frjettir

— sumar kanski ekki alveg glænýar

Ættarfjelag

Niðjar Gísla og Dagnýar í Skógargærði hafa stofnað með sjer fjelag. Það heitir Meiður. Megintilgangur þess er að sjá um gamla húsið í Skógargærði. Hefur fjelagið nú eignast það hús og hyggst halda því við. Notar til þess árgjöld og einnig er reiknað með ein-hvurjum tekjum af útleigu. Reglur um nýtingu hússins eru nú til athugunar og umræðu.

ÆEP telur vel koma til greina að veita öðrum afkomendum Helga og Ólafar (Indriða, Þórhalls, Guðrúnar og Hallgríms) (auka?)aðild að fjelaginu og/eða (víkjandi?) rjett til dvalar í húsinu. Þessi mál verða væntanlega tekin til umræðu á ættarmótinu.

Ættarvefur

Meðal afreka Meiðs er vefsíðan www.skogargerdi.is Henni var komið á laggirnar fyrir einum tveimur árum en er þó enn í mótun Nokkrar upplýsingar er þar að finna um ættina svo og frjettir af starfi fjelagsins. Þarna verður líka hægt að fylgjast með undirbúningi ættarmótsins því upplýsingar um það munu verða birtar eftir því sem þær berast.

Ættarpósturinn á netinu?

Þetta gsóðkunna og merkilega rit hefur nú komið út annað veifið í ein 20 ár. Því er ekki að leyna að nokkur þreyta sækir á ritstjóran. Má vel vera að ÆEP færast í einhverri mynd yfir á skogargerdi.is. Það verður að koma í ljós.

Skógargærðisætt. Það erum við.

Missum ekki af ættarmótinu 15.—17. júní 2005.

ÆEP

c/o Indriði Gíslason

Barmahlíð 32

105. Rvík.